



Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar
Söfnunarstefna

Safneign Hafnarborgar er að stofni til gjöf Sverris Magnússonar og Ingibjargar Sigurjónsdóttur. Flest verkanna í stofngjöfnum eru frá fyrri hluta 20. aldar. Einnig eru í safneign Hafnarborgar sérsöfn nokkurra listamanna, þeirra stærst er safn verka eftir Eirík Smith. Nokkur hluti safneignarinnar eru verk frá því eftir árið 1988 þegar reglulegar sýningar hófust í Hafnarborg.

Áherslur Hafnarborg safnar myndlistarverkum í samræmi við markmið sem tilgreind eru hér að neðan:

- Að safna myndlistarverkum eftir viðurkennda listamenn sem endurspeglar strauma og stefnur samtímans með sérstaka áherslu á hafnfirski listamenn.
- Að viðhalda og fylla í safn verka eftir Eirík Smith, stærsta sérsafn safnsins og skal þannig stuðlað að sem bestu og heildstæðustu safni verka listamannsins.
- Að safna verkum eftir listamenn sem sýna í Hafnarborg og endurspeglar þannig sýningarstefnu og samband safnsins við listamenn og almenna gesti á ákveðnum tíma.
- Að safna verkum sem eru mikilvæg fyrir menningarlíf Hafnarfjarðar.

Engar takmarkanir skulu vera á þeim miðlum sem verkin eru unnin í, heldur skal einungis tekið mið af listrænu gildi þeirra.

Verklag Forstöðumaður ber ábyrgð á aðföngum og leggur fram tillögur þar um fyrir listráð sem skal fjalla um og samþykkja öll innkaup og gjafir sem safninu berast enda þekki fulltrúar í listráði vel til myndlistar almennt. Forstöðumanni er heimilt að verja allt að 20% af ráðstöfunarfé til listaverkakaupa án afskipta listráðs. Innkaup verka skulu vera í samræmi við fjárheimildir í fjárhagsáætlun. Hugsanlegan ágreining skal bera undir stjórn Hafnarborgar.

Gjafir Taka skal við gjöfum í samræmi við ofantalin markmið. Ekki skal taka við gjöfum með áhvílandi kvöðum.

Afskráning Eftirtalin viðmið skal hafa að leiðarljósi þegar taka á afstöðu til þess hvort afskrá eða farga skuli verki:

- Verki hefur verið stolið eða það tapast með öðrum hætti.
- Verk hefur verið skemmt eða ástand þess svo lélegt vegna eyðingar að ekki er unt að lagfæra það.
- Sannað er að verk sé ekki frumgerð (heldur fölsun eða afrit).
- Verk hentar hvorki til rannsókna á safneign né til sýninga.
- Lítið listrænt gildi og því lítið sem ekkert gildi fyrir safneignina sem heild.

Verk sem ákveðið er að afskrá skal metið af hlutlausum aðila. Verkið skal boðið öðrum söfnum, boðið listamanninum aftur, sett á uppboð eða eytt samkvæmt þessari forgangsröð. Upphæðir sem hugsanlega fengjust við sölu listaverka skulu notaðar til kaupa á öðrum listaverkum. Ákvörðun um afskráningu eða förgun listaverka er á ábyrgð forstöðumanns með samþykki stjórnar Hafnarborgar að höfðu samráði við listráð.

Meðhöndlun á safneign skal vera í samræmi við safnalög, alþjóða siðareglur safnamanna og samþykktir UNESCO um ólögsmæt viðskipti með menningarverðmæti.

ÓKS/Hafnarfjörður október 2009